



Nemendur Grunnskólans í Hofgarði í vorferð að Morsárjökli ásamt kennurum og þjóðgarðsverði

SUÐURSVÆÐI FRÉTTABRÉF VOR / SUMAR 2013

INNGANGUR

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Hér komast þeir í návígi við stórbrotna náttúru þar sem jökultungur skriða fram á láglendi milli tignarlegra fjallstinda, og menningu sem mótast hefur af þessari sérstöku náttúru og duttlungum hennar.

Jökullinn og náttúran hafa mikið gildi bæði fyrir ferðamenn og heimamenn. Æ fleiri atvinnurekendur eiga hag sinn undir blómlegri ferðaþjónustu og aðrir íbúar njóta góðs af ýmsu sem af henni leiðir, s.s. aukinni þjónustu og verslun. Ferðaþjónustan getur þó reynt á þolmörk heimamanna, rétt eins og þolmörk náttúrunnar, og því er það allra hagur að vel sé staðið að málum.

Gæði og öryggi eru lykilatriði í ferðaþjónustu. Við verðum að gera þær kröfur til sjálfra okkar og annarra að búa vel að þessari fjölbreyttu atvinnugrein og slá hvergi af kröfum um aðbúnað og öryggi ferðamanna og þeirra sem í greininni starfa. Sé þetta haft að leiðarljósi ásamt umhyggju fyrir auðlindinni sjálfri, náttúrunni, þá er ég sannfærð um að okkur muni farnast vel.

Regína Hreinsdóttir

Þjóðgarðsörður á suðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs

GESTASTOFA Í GÖMLUBÚÐ

Þessa dagana er verið að ljúka viðgerðum á Gömlubúð sem mun næstu árin hýsa upplýsingamiðstöð ferðamála og gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs. Upplýsingamiðstöðin opnaði 1. maí sl. og verður opin allt árið. Vatnajökulsþjóðgarður hefur tekið þátt í rekstri hennar sl. 3 ár en tók alfarið við rekstrinum í fyrra í samstarfi við Sveitarfélagið Hornafjörð. Þrír starfsmenn verða við störf í Gömlubúð í sumar auk þeirra tveggja heilsársstarfsmanna sem eru með aðsetur á Höfn. Landvörður hefur starfað á Höfn undanfarin 3 sumur og m.a. séð um eftirlit með áningarstöðum allt að Jökulsárlóni og boðið upp á gönguferðir við Heinaberg.



Gamlabúð á Höfn

Lítillegar tafir hafa orðið á frágangi hússins vegna óhapps í byrjun maí en við væntum þess að okkur takist samt að opna sýninguna þar 7. júní á 5 ára afmæli þjóðgarðsins. Margir heimamenn hafa komið að sýningunni sem fjallar um náttúru og mannlíf svæðisins en einnig aðrir fræðimenn og tæknimenn. Hönnuður sýningarinnar er Þórunn Þórgrímsdóttir sem m.a. hannaði landnámssýninguna í Reykjavík 871+-2, og Veraldarhjólíð, sýningu þjóðgarðsins í Snæfellsstofu. Það er starfsmönnum Vatnajökulsþjóðgarðs sérstakt ánægjuefni að styrkja tengslin við þéttbýlisstað svæðisins og væntum við þess að eiga gott samstarf við íbúa, skóla, atvinnulíf og stofnanir á svæðinu. Eins og undanfarin ár munu ferðaþjónustuaðilar í Skálafelli, Hólmi og Hoffelli einnig sjá um upplýsingagjöf fyrir þjóðgarðinn yfir sumartímann.

UMGJÖRÐIN

Þjóðgarður sprettur ekki alskapaður fram á sjónarsviðið. Sérstök lög og reglugerð eru til fyrir Vatnajökulsþjóðgarð en stærsta verkefni stjórnar, svæðisráða og starfsmanna frá stofnun hans var vinna að Stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins sem er nú um mundir í fyrstu endurskoðun. Að þeirri vinnu kom einnig fjöldi annarra sérfræðinga. Jafnframt þeirri vinnu var unnin Umhverfisskýrsla fyrir þjóðgarðinn. Þessi gögn eru öll aðgengileg á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs <http://www.vatnajokulsthjodgardur.is/verndun-og-stjornun/> Annað stórt verkefni sem enn er í vinnslu, en sér vonandi brátt fyrir endann á, er atvinnustefna þjóðgarðsins sem ásamt skipulagi hvers svæðis er m.a. ætlað að leggja línurnar um atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins í sátt við náttúruna og þölmörk gesta og heimamanna.

VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR FÆR VAKANN

Frá því á haustdögum hafa starfsmenn þjóðgarðsins unnið að umsókn að Vakannum, gæða- og umhverfiskerfi ferðaþjónustunnar www.vakinn.is. Vatnajökulsþjóðgarður fékk formlega viðurkenningu sem þátttakandi í Vakannum 2. maí sl. og er fyrsta ríkisstofnunin til þess.



Ólöf Ýr Atladóttir, ferðamálastjóri, og Kristveig Sigurðardóttir, formaður stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs

SKAFTAFELL Í VETUR

Frá því að vetraropnun Skaftafellsstofu hófst 2009-10 hefur gestum sem hana heimsækja fjölgað stöðugt. Sem dæmi má nefna að í janúar 2010 komu 58 manns í heimsókn en í ár voru þeir 757. Sömu sögu er að segja af mars en í ár komu 8.228 gestir, samanborið við 1.127 gesti árið 2010. Til að bregðast við þessu hefur verið bætt við starfsmanni yfir vetrartímamann og afgreiðslutími gestastofunnar lengdur. Það hefur í för með sér að meiri samfella verður í öllum verkum, sem vonandi leiðir til þess að þjónusta þjóðgarðsins verði enn betri og faglegrí.



Rafstöðin í Bæjargili 25. febrúar 2013

Tíðin í vetur var mjög góð og margir gestir sem lögðu leið sína að Svartafossi og Skaftafellsjökli. Það er gaman að ganga í Skaftafelli yfir vetrartímamann en aukinn fjöldi gesta eykur líka álag á göngustíga og umhverfi þeirra. Það myndast fljótt svellbunkar þegar snjór þjappast niður og fólk leitar þá út fyrir stígana til að krækja fyrir þá. Í vetur lagði starfsfólk sig fram við að fylgjast með ástandi helstu göngustíga og koma þeim upplýsingum til ferðamanna í Skaftafellsstofu svo þeir vissu á hverju þeir ættu von.

FEBRÚARVEÐRIÐ

Svellbunkar á göngustígum hurfu í miklum hlýindum í febrúar. Að kvöldi 24. febrúar kom úrhellisrigning sem stóð í tæpa tvo sólarhringa og þegar yfir lauk höfðu 310 mm af regnvatni skilað sér til jarðar, til viðbótar leysingavatni úr fjallinu. Miklar skemmdir urðu á göngustígum, göngubrúm og varnargörðum og stífla við gömlu rafstöðina í Bæjargili brast.

Svo vel vildi til að hópur sjálfbóðaliða frá Bandaríkjunum kom til vikudvalar um miðjan mars og var þá þegar hafist handa við að laga göngustíginn að Svartafossi. Unnu þau mikið þrekvirki því 10 tonn af mól voru borin upp brekkurnar til að fylla í dýpstu vatnsrásirnar. Hópurinn samanstóð af 10 nemendum og leiðbeinanda frá Eckerd College í St. Petersburg, Flórída og er þetta í þriðja sinn sem hópur þaðan kemur í Skaftafell. Undanfarið hefur einnig verið unnið að lagfæringum á gönguleiðinni við Lambhaga og inn að Skaftafellsjökli, þar sem hægt er að komast að með tækjum.

Þess má svo geta að í kjölfar rigninganna féll mikil skriða úr hliðum Svínafells á austanverðan Svínafellsjökul. Sést fremsti hluti hennar vel frá þjóðveginum. Jarðfræðingar hafa mælt skriðuna en tölur um umfang hennar munu liggja fyrir síðar.

SKAFTAFELL Í SUMAR

Í sumar verður starfsemi í Skaftafelli með svipuðum hætti og undanfarin ár þar sem rík áhersla er á þjónustu við ferðamenn í gestastofu, veitingasölu og á tjaldsvæði. Jafnframt munu landverðir sinna eftirliti innan garðsins og á áningastöðum milli Skaftafells og Kvíárjökuls, í samstarfi við Sveitarfélagið Hornafjörð og Vegagerðina.

Mikið verk er fyrirbyggjandi í lagfæringu göngustíga. Í ár má vænta fleiri sjálfbóðaliða í Skaftafell en nokkru sinni fyrr og vinna þeir að viðhaldi göngustíga, upprætingu lúpinu í Morsárdal og ýmsum smærri verkefnum. Sjálfbóðaliðarnir eru á vegum Umhverfisstofnunar og koma flestir frá meginlandi Evrópu og Bretlandi.

Að venju verða ýmsir viðburðir í Skaftafelli í sumar auk þess sem landverðir munu bjóða upp á fasta dagskrá fyrir gesti. Kvinnahlaup Sjóvá og ÍSÍ verður laugardaginn 8. júní og rúmri viku síðar er Dagur hinna villtu blóma. Í tilefni af því verður farið í stutta gönguferð frá Skaftafellsstofu sunnudaginn 16. júní kl. 11:00 og hinar ýmsu blómplöntur sem þar finnast skoðaðar. Fleiri viðburða er að vænta og verða þeir auglýstir á heimasíðu þjóðgarðsins.



Kátir krakkar í barnastund með landvörðum

DAGSKRÁ LANDVARÐA Á SUÐURSVÆÐI

Litlir landverðir í Skaftafelli

Föstudaga, laugardaga og sunnudaga á tímabilinu 15. júní til 4. ágúst

Áhugasamir krakkar á aldrinum 6-12 ára slást í för með landverði og rannsaka náttúruna í Skaftafelli. Áætla má að rannsóknarleiðangurinn taki 45-60 mínútur. Hittumst kl. 16 við Spóastaði (salernishúsið vestast á tjaldsvæðinu). Aðra daga vikunnar geta foreldrar og börn haft samband við landverði, sem gera sitt besta til að verða við óskum þeirra varðandi leiðsögn um náttúruna.

Þjóðgarður í Skaftafelli

Alla daga á tímabilinu 15. júní til 15. ágúst

Kvöldrölt um Skaftafell í fylgd landvarðar. Rætt um tilurð þjóðgarðsins, hlutverk hans og áhrif á náttúrufar og samfélag. Gangan tekur 45-60 mínútur. Hittumst kl. 20 við Spóastaði (salernishúsið vestast á tjaldsvæðinu). Leiðsögn á íslensku.

Skaftafellsjökull og loftslagsbreytingar

Alla daga á tímabilinu 15. júní til 15. ágúst

Landvörður fylgir gestum áleiðis að Skaftafellsjökli, segir þeim frá landmótun jökulsins og hnignun hans. Rætt verður um loftslagsbreytingar og ástæður þeirra. Gangan tekur 45-60 mínútur.

Hittumst kl. 10:00 við Skaftafellsstofu. Leiðsögn á íslensku og ensku.

Gengið í Bæjarstað

Alla laugardaga á tímabilinu 15. júní til 4. ágúst

Gengið frá Skaftafelli í Bæjarstaðarskóg. Ætla má að gangan taki um sex klukkustundir. Við hittumst kl. 10:00 við Spóastaði (salernishúsið vestast á tjaldsvæðinu). Leiðsögn á íslensku.

Leiðsögn um Sel

Alla sunnudaga á tímabilinu 15. júní til 4. ágúst

Landvörður tekur á móti gestum í Seli og segir frá daglegu lífi fólksins sem þar bjó. Gestir hitta landvörð við Sel kl. 14:00. Leiðsögn á íslensku.

Gönguferð um Heinabergssvæði

Alla daga nema sunnudaga á tímabilinu 15. júní til 15. ágúst

Vatnajökulsþjóðgarður býður upp á léttar göngur um Heinabergssvæðið klukkan 10, alla daga nema sunnudaga. Ferðirnar hefjast við Heinabergsafleggjara austan Kolgrímu, þaðan er ekið að áhugaverðum stöðum á svæðinu og gengið út frá þeim. Hver ferð tekur um tvær og hálf klukkustund.

Útbúnaður: Góðir strigaskór eða gönguskór og útivistarklæðnaður.

Hittumst klukkan 10 við Heinabergsafleggjarann austan Kolgrímu.



Á Facebooksíðu Vatnajökulsþjóðgarðs segjum við fréttir, birtum myndir, auglýsum viðburði og póstum ýmsu öðru, merkilegu og ómerkilegu. Fylgstu með okkur!